

Greinargerð laganefndar með tillögu að breyttum lögum (nýjum heildarlögum) Sjálfsbjargar, sem lögð er fyrir landsfund Sjálfsbjargar 25. og 26. apríl 2025

Á framhaldslandsfundi Sjálfsbjargar í fyrra var ákveðið að skoða betur breytingar á lögum Sjálfsbjargar yfir veturinn. Stjórn Sjálfsbjargar ákvað síðan sl. haust að leita liðsinnis Áslaugar Björgvinsdóttur, lögmanns og sérfræðings í félagarétti hjá Lögman lögfræðipjónustu, til að yfirfara lögin og færa þau í betra horf.

Endurskoðun laganna og tillögur að breytingum voru unnar í vetur í samráði við laganefnd sem fundaði reglubundið frá desember. Á fundi sambandsstjórnar 26. febrúar sl. var vinnan kynnt og fyrirbyggjandi tillögur laganefndar. Góðar umræður fóru fram meðal annars um lágmarksfjölda félagsmanna í aðildarfélögum, formannafund í stað nú sambandsstjórnar, framboð, kjörnefnd, laganefnd og skyldur aðildarfélaga, m.a. varðandi ráðstöfun eigna við slit. Þegar fyrir lá heildartillaga laganefndar að nýjum lögum fór stjórn yfir tillöguna og gerði nokkrar athugasemdir. Laganefnd fjallaði um þær og skilaði síðan þeirri tillögu sem lögð er fyrir landsfund.

Lög Sjálfsbjargar voru lögð til grundvallar vinnunni enda að efni til með góðar reglur sem byggja á sterkum lýðræðislegum grunni. Einnig voru höfð til hliðsjónar lög annara félagasambanda, einkum lög ÖBÍ. Þá var horft til laga um félög til almannaheilla nr. 110/2021 og tekið mið af góðum reglum þeirra.

Helstu markmið við vinnuna voru að:

1. Skýra, uppfæra og einfalda efnistöð og framsetningu á lögnum með það að leiðarljósi að létta félagsfólki, stjórnendum og öðrum að skilja og nota lögin. Ætlunin er að auðvelda fólki að lesa lögin og finna það sem það leitar að.
 - a. Kafla- og efnisskipan er því ný:
 - i. Nafn, heimili og hlutverk
 - ii. Skipulag og aðild
 - iii. Úrsögn og brottvikning
 - iv. Landsfundur
 - v. Formannafundur
 - vi. Stjórn, framkvæmdastjóri og skrifstofa
 - vii. Nefndir og málefnaþópar
 - viii. Reikningar og endurskoðun
 - ix. Kjarkur endurhæfing
 - x. Önnur ákvæði
 - b. Kaflar og heiti lagagreina bera þess vegna lýsandi heiti og málsgreinar eru númeraðar. Til að auðveldara sé að finna þær en líka til að hægt sé að vísa til þeirra með einföldum hætti í rituðu og skrifuðu máli. T.d. hægt að vísa í reglu 10.3. sem „tíu þrír“ í stað 3. mgr. 10. gr.
2. Laga lögin að framkvæmd, einfalda ferla og auka fyrirsjáanleika þannig að ágreiningur rísi síður um túlkun og hvaða reglur gildi.
3. Skýrt regluverk um skipulag Sjálfsbjargar, fjárhagslegan grundvöll, ákvörðunartöku, verkefni og valdsvið landsfundar, stjórnar, formanns Sjálfsbjargar, framkvæmdastjóra og tengsl Sjálfsbjargar við aðildarfélögin, réttindi og skyldur þeirra og félagsfólks.
4. Lögin þjóni því hlutverki að samhæfa og kjarna skilvirka og ábyrga stjórnun og rekstur Sjálfsbjargar á grundvelli lýðræðislegs umboðs.
5. Lögin styðji enn frekar við góða og lýðræðislega stjórnarhætti og virka þátttöku aðildarfélaga og félagsfólks í starfsemi Sjálfsbjargar.